



PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is



24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi

Handknattleiksdeild Gróttu sem er ein öflugasta handknattleiksdeild landsins hélt uppskeruhátíð vetrarins í byrjun júní þar sem öllum iðkendum í yngri flokkum voru afhent viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku sína ásamt því að viðurkenningar voru veittar fyrir önnur afrek sem unnin voru innan sem utan vallar í vetur. Myndin er af efnilegu handboltafólki í Gróttu. Sjá nánar á bls. 19.



græn heilsa heilsuverslun
lifestream hrein lífræn næring
Ægisíða 121 f /grænheilsa



Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Fuglarnir þurfa frið

Nú þegar líður á varptímann er rétt að leiða hugann að aðstöðu fuglanna og hvaða frið þeir hafa til þess að koma ungmum sínum á legg og á vængi á Seltjarnarnesi. Með fjölgun ferðamanna þegar vora tekur og fuglar setjast á hreiður sín vex hættan á að þeir verði fyrir ónæði af mannaferðum. Einkum á þetta við um Gróttu og einnig friðlandið á vestanverðu Nesinu.

Fyrir skömmu var leitað eftir sjálfböðaliðum til þess að annast eftirlit við Gróttu nú um varptímann en enginn gaf sig fram til þeirra starfa. Ef til vill er ekki hægt að ætlast til þess að fólk – hvorki ungmenni eða aðrir gefi kost á sér til sjálfböðastarfa þótt falleg náttúra og fuglalíf sé í boði. Því hljóta bæjaryfirvöld að íhuga þetta mál af alvöru. Íhuga hvort ekki sé kominn tími til þess að ráða fólk til sumarstarfa til þess að gæta að því að fólk gangi vel um.

Þarna er ekki um flókin störf að ræða. Þau geta hentað ungu skólafólki. Þess eina sem krefjast verður er nokkur þekking á náttúru Nessins og fuglalífi – nokkuð sem auðvelt er að kenna á einföldu námskeið og síðan kunnáttu í ensku sem flest ungmenni komin á framhaldsskólaaldur hafa til að bera. Það væri áhugavert ef hafinn yrði undirbúningur að slíkum störfum fyrir næsta varptíma og sumar.

Seltjarnarnes hefur lengi verið fuglaparadís en misjafnt er hvar þeir kjósa helst að velja sér skjól. Margir hafa veitt því eftirtekt að fuglar halda mikið til við golfvöllinn á Suðurnesi. Þetta sýnir að þeir fælast ekki mannaferðir sé vel að þeim farið. Það sýnir einnig að fólk og fuglar geta átt sér samleið í umhverfinu. Maðurinn verður aðeins að bera virðingu fyrir þessum smáu einstaklingum, lífsháttum þeirra og þörfum.

Plastsöfnun á Seltjarnarnesi fer vel af stað



Söfnun á plastumbúðum frá Seltjarnarnesi. Um 115 poka bærust á fyrstu viku verkefnisins.

Fyrsta vika tilraunaverkefnis um plasticsöfnun á Seltjarnarnesi er nú liðin og fer verkefnið vel af stað. Fimm sorphirðubílar komu á tímabilinu og innihéldu þeir samanlagt 115 poka með 155 kg af plastumbúðum.

Er það framar vonum svo stuttu eftir að pokunum var dreift á öll heimili í bæjarfélaginu. Það verður spennandi að sjá hversu mikið

berst frá íbúum á Seltjarnarnesi þegar líður á júnímánuð, en þá ætti plast að taka að berast frá þeim sem eru nýliðar í flokkun plastumbúða. Íbúar geta svo í framhaldi nálgast fleiri poka undir plast í íþróttamiðstöðinni á Seltjarnarnesi. „Áfram með góðu verkin íbúar á Seltjarnarnesi – saman aukum við endurvinnslu á plastumbúðum svo um munar,“ segir í fréttatilkynningu frá Seltjarnarnesbæ.

Sjónvarpsstöðin Hringbraut flytur á Eiðistorg

Sjónvarpsstöðin Hringbraut er að flytja á Eiðistorgið. Stöðin flytur í húsnæði þar sem Íslandsbanki var áður með útibú.

Undirbúningur að flutningnum hefur staðið yfir að undanfórnu. Gert er ráð fyrir að starfsemi Hringbrautar sem einnig starfrækir vefmiðil verði komin í fullan gang á Eiðistorginu um næstu mánaðamót.

Nesbíúinn



Fuglalífið blómstrar á golfvöllinum.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



Kl. 10-12 Bátasigling frá smábátahöfninni

Kl. 11.00 Hátíðarguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju

Kl. 14.00 Skrúðganga frá Leikskóla Seltjarnarness yfir í Bakkagarð

Bakkagarður 14.15 - 17.30

Kynnir og skemmtikraftur er trúðurinn Úlfar sem Bergur Þór Ingólfsson leikur

Hátíðarræða formanns menningarnefndar

Ávarp fjallkonunnar

Trúðar frá Sirkus Ísland

Jóhanna Ruth Luna Jose sigurvegari Ísland Got Talent og Samfés

Pollapönk

Stjúpmæður

Amabadama

Vöfklusala í Félagsheimilinu frá kl. 15. Allir velkomnir.



Hestateyming fyrir alla aldurshópa

Vatnaboltar

Loftboltar

FRÍTT Í ÖLL TÆKIN Á SVÆÐINU!

Risarennibraut fyrir þá sem þora

Trampólín fyrir alla

Fljúgandi diskur fyrir yngstu gestina

Andlitsmálun með flottum litum og myndum

Candy Flos · Blöðrur · Fánar Glingur og góðgæti



SELTJARNARNESBÆR

Athugið að Suðurströnd verður lokuð fyrir allri bílaumferð, nema strætó, frá Steinavör að Bakkavör frá kl. 13.30-17.30.

Jónsmessuhátíð á Seltjarnarnesi



SELTJARNARNESBÆR

Fimmtudaginn 23. júní kl. 17.15

Andi fortíðar og sköpunarkraftur nútíðar mætast á Jónsmessuhátíð Seltirninga sem haldin verður hátíðleg fimmtudaginn 23. júní. Fjölskyldufólk er sérstaklega boðið velkomnið.

1 Kl. 17.15-17.30 Hákarlaskúrinn við Norðurströnd

Safnast verður saman við hákarlaskúrinn við Norðurströnd. Gestum boðið að reka inn nefið og gæða sér á hnossgæti úr skúrnunum. Stjúpmæður leika vel valin lög.

2 17.40-18.10 Galdrastál við Bygggarða 2

Galdrasmiðir bjóða gestum að gera eigin smíðagripí með gömlu og nýju verklagi. Þar sem járníð er hamrað heitt eða logsuðunni beitt.

3 18.10-18.30 Vinnustofuheimsókn

Þjóðþekktir listamenn reka vinnustofur að Bygggördum 12. Þeir bjóða gestum að líta inn og skyggjast undir yfirborð verkanna. Á trönum verður hvítur strigi þar sem gestir skapa í sameiningu listaverk í anda Jónsmessunnar.

4 18.35-19.00 Nesstofa

Átta listakonur bjóða gesti velkomna á sam-sýninguna **Brjóstdropar í Nesstofu**, þar sem þær hafa fangað andrúmsloft lækninga og líkna sem einkennir sögu þessa einstaka húss.

5 19.00-20.00 Snældusnúður og Sunnyside Road í Lækningaminjasafni

Undanfarin 3 ár hefur farið fram uppgröftur á bæjarhól Móakots, sem var hjáleiga frá stórbýlinu Nesi. Síndir verða munir, sem fundist hafa við uppgröftinn, og uppgreftir síðustu ára lýst í máli og myndum. Gleðibandið **Sunnyside Road leikur á þaki Lækningaminjasafnsins** og Hitaveita Seltjarnarness býður upp á **þjóðlegar veitingar**. **Léttur vatnsúðari** - ef ekki regnskýin sjálf - sér til þess að börn og fullorðnir geti baðað sig á daggarvotum grasbalanum vestan við safnið áður en haldið er heim á leið.

Allir bæjarbúar eru boðnir velkomnir!

Vill byggja fjölbýli við Austurströnd

Skeljungur hefur áhuga á að byggja verslunnar- og íbúðarhús á lóð sinni við Austurströnd þar sem bensinstöð Orkunnar er núna. Seltjarnarnesbær þarf að samþykka breytt skipulag og breytingar á lóðaleigusamning við Skeljung sem hefur lóðina á leigu undir áður nefnda bensinstöð. Þetta kom fram í Morgunblaðinu nýverið.



Skeljungur og Seltjarnarnesbær hafa átt í viðræðum um þessa lóð um nokkurn tíma en nú fer fram skipulagsvinna um breyttan miðbæ á Nesinu. Gert mun ráð fyrir að ef af framkvæmdum verður þá verði um fremur lágstemmda byggð að ræða með verslunaraðstöðu á jarðhæð en það verður að koma í ljós þegar búið verður að móta tillögur að nýjum miðbæ. Undanfarin ár hefur farið fram framleiðsla á súkkulaði í því húsnæði sem er á lóð bensinstöðvarinnar. En nú er súkkulaðigerðin flutt niður á Granda og því stendur húsið autt.

Grunnstöðvanetið endurmælt frá Valhúsa-hæð

Á næstu mánuðum stendur til að endurmæla og -reikna alla punkta í grunnstöðvaneti landmælinga á Íslandi.

Verkefninu var formlega ýtt úr vör nýlega þegar mælitæki var sett af stað á Valhúsa-hæð á Seltjarnarnesi en frá árinu 1904 hefur þar verið einn af grunnpunktum í mælikerfi landsins. Umræddur grunnpunktur, sem fjallað er um, er svokallaður Landamerkjasteinn með áletruninni LANDAMERKI. Steinninn var skráður í fornleifaskráningu árið 1980 en líklegt má telja að steinninn hafi átt að marka land á milli norðan- og sunnanverðs Ness þegar honum var komið fyrir.



Söfnun og skráning ljósmynda



Þessar þrjár stúlkur Jarprúður Ósk Jóhannesdóttir, Sunna Liv Stefánsdóttir og Kristín Helga Kristinsdóttir munu taka að sér að skanna inn myndir eldri borgara og annarra Seltírniga í sumar.

Seltjarnarnesbær hefur ráðið starfsfólk í sumar til að safna og halda utan um sögulegar ljósmyndir sem kunna að leynast í fótum bæjarbúa.

Starfsmennirnir verða staðsettir í aðstöðu félagsstarfs aldraðra á Skólabraut alla virka daga í júní og júlí frá kl. 9-15 og eru bæjarbúar hvattir til að mæta þangað með gamlar myndir sem endurspeglar bæjarbraginn á einn eða annan hátt. Myndirnar verða skannaðar inn á staðnum og settar í gagnagrunn í varðveislu bæjarins og verða einnig aðgengilegar eigendum þeirra á rafrænu formi. Hægt er að senda inn fyrirspurnir í netfangið ljósmyndasafn@nesid.is. Vonir standa til að sem flestir láti sig málið varða og mæti með myndir úr sínum fótum og stuðli þannig að varðveislu sögulegra heimilda á Nesinu.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tæknipplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíttflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690 netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





www.gudnith.is

Ég býð mig fram til forseta Íslands vegna þess að ég hef ákveðnar hugmyndir um embættið sem ég vil fylgja eftir. Forseti á að vera fastur fyrir þegar á þarf að halda. Hann á að leiða erfið mál til lykta og tryggja að þjóðin eigi alltaf síðasta orðið í mikilvægustu málum sem hana varða. Um leið á forseti að standa utan við fylkingar í samfélaginu. Fólkið í landinu á að skynja að hann sé ekki í liði með einum á móti öðrum.

Forseti Íslands er málsvari þjóðarinnar á alþjóðavettvangi, andlit okkar í augum heimsins. Hann á að styðja við menningu landsins og listir, atvinnu- og viðskiptalíf. Þegar forseti kemur fram fyrir Íslands hönd skyldi hann gæta þess að vera stoltur en hógvær, kappsamur án drambis.

Fyrst og fremst á forseti að vera öllum óháður, hlýða eigin samvisku og þjóna öllum jafnt í landinu.

Þannig vil ég starfa, landi og þjóð til heilla.

Guðni Th. Jóhannesson



**FRAMBOÐ TIL
FORSETA ÍSLANDS
2016**

Öflug framtíðarsýn í almennings­samgöngum

Öflug framtíðarsýn í almennings­samgöngum var til umræðu á sérstöku málþingi um framtíð almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu sem var haldin í Listasafni Reykjavíkur 27. maí sl. Málþingið var afar vel sótt og fyrirlestrar áhugaverðir og fræðandi. Farið var yfir hlutverk og mikilvægi eflingar almennings­samganga til að ná fram megin­markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um þróun og þéttingu byggðar til ársins 2040.

Á málþinginu var gerð grein fyrir áformum um nýjan samgönguás, Borgarlínu sem verður hrygg­jarstykkið í almennings­samgöngum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem gert er ráð fyrir afkastameiri

vögnum sem aka munu að hluta til í eigin rými. Ennfremur var fjallað um áform um lagningu hraðlestar á milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins og mögulegum snerti­flötum á milli þess verkefnis og innleiðingu Borgarlínunnar. Þá var fjallað um framvindu samnings SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almennings­samgangna á höfuðborgarsvæðinu og stöðu þess verkefnis þegar 4 ár eru liðin frá upphafi þess.

Nýtt leiðakerfi eftir fimm til sjö ár

Í lokin fór Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík og formaður stjórnar SSH ítarlega yfir þær



áskoranir og verkefni sem eru framundan við að móta næstu skref við að hrinda áformum um Borgarlínuna í framkvæmd, m.a. með því að móta sérstakt þróunarfélag til að takast á við mótun tæknilegra lausna og fjármögnun þessa

risaverkefnis sem áætlað er að taki tvö til fjögur ár í undirbúningi og 20 til 25 ár þar til Borgarlínan verður fullmótuð. Ef áætlanir ganga eftir, má reikna með að fimm til sjö ár liði þar til akstur hefst með nýjum vögnum og nýju leiðakerfi.



SELTJARNARNESBÆR

FORSETAKOSNINGAR 25. JÚNÍ 2016

KJÖRFUNDUR Á SELTJARNARNESI ER FRÁ KL. 09:00 TIL KL. 22:00 Í VALHÚSASKÓLA VIÐ SKÓLABRAUT

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi, almenningi til sýnis frá 15. júní, á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, í þjónustuveri á 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

Kosning utan kjörfundar til kjördags er í Perlunni í Öskjuhlíð alla daga frá 9. júní kl. 10:00 til kl. 22:00. Þó verður lokað föstudaginn 17. júní.

Kjörfundur á Seltjarnarnesi þann 25. júní 2016, er í Valhúsaskóla við Skólabraut og hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í þremur kjördeildum, eins og verið hefur í undanförunum kosningum.





www.kosning.is - Kosningavefur innanríkisráðuneytisins er með ýmsar upplýsingar um kosningarnar t.d. uppfléttingu á vefnum „hvar á ég að kjósa?“

Munið eftir persónuskilríkjum.

Aðsetur kjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar á kjördag er í Valhúsaskóla.

F.h. Kjörstjórnar
Pétur Kjartansson, formaður

Óskum Gróttu til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn 2016





Skúli kaupir Hrólfsskálavör 2 af Eiríki

Skúli Mogensen forstjóri WOW Air hefur fest kaup á húsinu við Hrólfsskálavör 2 af Eiríki Sigurðssyni sem kenndur hefur verið við Verslanir 10 – 11 enda stofnandi þeirra og eiganda Viðirsverslananna.

Eiríkur hefur búið á Seltjarnarnesi um árabíl og hóf byggingu hússins við Hrólfsskálavör fyrir nokkrum árum. Hann lauk hins vegar ekki við

byggingu þess og hefur það staðið ófullklárað um tíma. Kaupverð þess er um 300 milljónir króna. Samkvæmd bókun í fundargerð skipulags- og umferðarnefndar Seltjarnarnesbæjar hefur verið lögð fyrir nefndina breytingartillaga um að byggingarreitir á austurhluta suðurhlíðar nái 3,0 metra frá húsi og á vesturhluta 5,75 metra.

Útgjöld vegna hjólástígs og launahækkana

- tekjuauki vegna hærri útsvarstekna

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt viðauka tvö við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 65.986.000. Er viðaukinn vegna framkvæmda við gerð hjólástígs með fram Norðurströnd að Gróttu. Þessum aukna kostnaði skal samkvæmt fundargerð bæjarstjórnar mæta með lækkun á handbæru fé bæjarfélagsins um sömu fjárhæð.



Bæjarstjórn hefur einnig samþykkt viðauka þrjú við sömu fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 13.423.861 vegna breytingar sem hafa orðið á kjarasamningum frá gerð fjárhagsáætlunar. Á sama hátt skal umræddum kostnaði mætt með lækkun á handbæru fé að sömu fjárhæð. Þá hefur bæjarráð samþykkt tekjuauka að upphæð kr. 14.000.000 vegna aukinna útsvarstekna.



Öll rúnstykk á



Fagmenska tryggir gæðin

80 kr. stk



AAAAhhh

EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN



NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR **SEM KÆLIR**

Ólst upp í Gróttu

Elías Árnason bifreiðarstjóri með meiru ólst upp í Gróttu ásamt systkinum sínum Gunnlaugi og Guðrúnu Ester fyrstu ár ævi sinnar. Foreldrar hans voru Árni Eliasson og Fanney Gunnlaugsdóttir en Árni starfaði um tíma sem aðstoðarvitavörður og hafði þá aðsetur í Gróttu ásamt Jóni Albert Þorvarðarsyni vitaverði þar til margra ára. Elías spjallar við Nesfréttir að þessu sinni og rifjar meðal annars upp bernskuna í Gróttu, hernámsárin á Nesinu, leigubílaakstur í Reykjavík og fleira.

„Ég var um hálfis árs þegar við fluttum út í Gróttu,“ segir Elías þegar hann var sestur með tíðindamanni í einu af hornum bókasafnsins á Seltjarnarnesi á dögum. „Faðir minn fékk þá starf hjá vita- og hafnarmálum sem aðstoðarvitavörður og var staðsettur út í Gróttu þótt hann sinnti fleiri störfum og vann meðal annars að byggingu Þormóðsskersvita sem er á Þormóðsskeri fyrir utan Mýrar á Borgarfirði. Í Gróttu ólumst við upp fyrstu árin en þegar kom að því að við krakkarnir áttum að fara í skóla urðu foreldrar okkar að flytja í land. Skólatíminn passaði ekki alltaf við flóð og fjöru sem þurfti að sæta til þess að komast úr Gróttu í land. Þetta þýddi að faðir minn varð að skipta um starf þar sem starfið við vitann og vitamálin byggðust á búsetu í Gróttu. Við fluttumst þá inn í Bygggarða og bjuggum þar fyrst um sinn en færðum okkur innar á Nesið þegar tækifæri gaft.“

Gat ekki platað kálfinn

„Í Gróttu bjuggum við á annarri hæðinni í vitavarðarhúsinu en Albert á fyrstu hæðinni. Foreldrar mínir voru með smá búskap. Faðir minn var með tvær kýr og það var heyjað í Gróttu og líka út í Engey og heyið flutt á bát yfir í Gróttu. Ég fékk stundum að fara með á bátinum út í Engey þegar verið var að heyja. Ég man að einhverju sinni var ég settur við lundaholu og sagð að sitja og grípa lundann þegar hann færi úr holunni. Auðvitað var enginn lundur þar enda varptíminn liðinn en þetta var aðferð til að fá mig til þess að vera um kyrrt og fara mér ekkert að voða á meðan faðir minn var að slá eða hirða. Eitt sumarið var kálfur með kúnum í Gróttu og við urðum ágætis leikfélagar. Í minningunni var stór heybólstur eins og það var kallað þegar búíð var að þurrka heyið og bera það saman og ég lék mér við að láta kálfinn elta



Elías Árnason á góðviðrisdegi í garðinum heima á Kaplaskjólvegnum.

mig í kringum bólsturinn. Svo stakk ég hann af og skreið upp á bólsturinn og horfði niður á kálfinn halda áfram að hlaupa í hringi. En hann var ekki eins vitlaus og ég hélt og þetta endaði með því að hann kom til mín upp á heyið og lagðist við hliðina á mér. Ég gat greinilega ekki platað hann.“

Draugasaga úr Gróttu

Elías segir árin í Gróttu hafa verið sérstök og athyglisvert að hafa alist þar upp fyrsta æviskeiðið. „Þar skiptu samskiptin við sjóinn og einnig búskapinn mestu. En þar virtist einnig vera nálægð við fleira. Ég veit ekki hvort ég á að kalla það draugasögu en eitt sinn varð ég var við sýn sem eftir á að hyggja virðist hafa verið framliðinn maður. Faðir minn var að mjólka og ég með honum í fjósinu þegar ég var var við að hár og grannur maður í gráum fötum fór út í hlöðuna og ég krakkinn á eftir honum en þá hvarf hann sjónum mínum. Um kvöldið fór ég að segja foreldrum mínum frá þessu. Móðir mín spyr mig nánar út í útlit mannsins

og þá kemur lýsing mín heim og saman við lýsingu á bróður hennar sem hafi druknað þrem dögum áður. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þetta en sýnina bar fyrir mig svo vel að ég gat lýst henni fyrir foreldrum mínum og þau fundið henni samastað í bróður móður minnar. En nú eru ekki kýr í Gróttu og engin hlandfor. Fjosið og hlaðan hafa fengið nýtt hlutverk og eru orðin að menningarsetri og bátaskýlið klúbbhús. Jú - ég man vel eftir Albert,“ segir Elías aðspurður. „Ein minningin um hann er tengd bát sem hann smíðaði þegar hann var 14 ára. Þannig var að norðaustan við Gróttu var lítill laut sem sjór féll inn í þegar stórstreymt var. Það gat verið nóg til þess að þessi litla skekka flaut. Hún var mjög völt og ekki til sjóferða á miklu dýpi en Albert fór stundum með hana út á þessa litlu tjörn sem stundum myndaðist og leyfði okkur bræðrunum að leika okkur. Þar lærðum við áralagið og þetta var sjómennska sem við nutum í skjóli Alberts.“

Nammið kom með hernum

Elías man vel eftir hernámsárunum. „Já ég man komu hersins og hernámsárin á Nesinu. Herinn hafði aðsetur á Valhúshæðinni og víðar á Seltjarnarnesi. Hermennirnir gengu mikið um - voru í eftirlitsferðum og fóru gjarnan hringinn á Nesinu. Sumir gáfu sig að okkur og voru vingjarnlegir. Ég man sérstaklega eftir einum. Hann var kallaður Bob. Sennilega styttingu úr lengra nafni. Hann gaf okkur stundum súkkulaði. Ég man líka eftir að við fundum kassa við Gróttu sem rekið hafði að landi. Þegar hann var opnaður var hann fullur af Baby Ruth sælgæti innpökkuðu í vaxpappír. Nokkru sem við krakkarnir höfðum varla séð. Þetta var aldeilis veisla en móðir okkar tók kassann í sína vörslu og vildi skammta okkur. Svo fann ég annan samskonar kassa. Ég ætlaði ekki að láta nein vita af þeim fundi og sitja einn að góssinu svo ég faldi hann út í hlöðu. Ég var nokkuð duglegur að vitja hans þegar aðrir sáu ekki til og svo fór móðir mín að veita því athygli að ég var orðin lystarlitill og gekk á mig hvað ég væri að borða. Kannski hefur hana grunað eitthvað og ég varð að viðurkenna tilvist kassans og koma með hann inn. En þetta var mikið nýnæmi fyrir krakka á þessum tíma. Nammið kom með hernum.“

Á efri hæðina í Bygggördum

En svo lauk Gróttuvistinni. „Henni lauk þegar ég komst á skólaaldur. Annars hefðum við trúlega ekki farið úr Gróttu. Það þótti ekki hægt að skólakrakkar byggju úti í Gróttu og væru háð fljóði og fjöru til þess að komast í land. Faðir minn losaði sig úr starfi sínu sem aðstoðarvitavörður og búskapnum var hætt. Í fyrstu fengum við inni á efri hæðinni í Bygggördum. Þar var þá tvílyft hús og Ingimundur Steindórsson bjó á þeirri neðri. Þetta var fyrir þá tíma að farið var að byggja iðnaðarhúsnæði þar ytra og Bygggarðarnir urðu að iðnaðarsvæði. Þarna voru nokkrir bæir; Nýi bær, Litli bær og svo Ráðagerði litlu innar, Nes og Tryggvastaðir að mig minnir.“

Sex mánuðir á spítala

Raunverulega byrjaði dvölin á fasta landinu ekki vel. Ég fór í bæjarferð með móður minni. Þá var ekki farið á bíl og þetta var nokkuð löng ganga fyrir okkur utan af Nesi. Án þess að það væri vitað var ég með skemmd í mjöðm sem var þess eðlis að ég

þoldi ekki þessa löngu göngu sem kostaði mig sex mánaða spítalavist. Þetta var vegna þess að bein sem tengir lærlegginn við mjaðmarskálina var bogið og við mikla göngu hafði augnkallinn farið utan í skálina. Þetta þurfti að rétta og ég var hafður í gífumbúðum til þess að halda mjöðminni í skorðum á meðan þetta lagaðist sem það gerði með því að hreyfa hana ekki í þennan tíma og ég slapp við að fara í aðgerð.“

Stal hjóli föður míns í hádeginu

„Við vorum um tíma í Byggðörðum og faðir minn fór að vinna í Ísbirninum upp á Hrólfsskálamel. Þetta var nokkur spölur að fara á milli en hann kom oftast heim í mat í hádeginu. Hann fékk sér reiðhjól til að vera fljótari í förum og þá greip ég oft tækifærið, stal hjólinu og fékk mér smá hjólatúr á meðan hann var að borða. Við vorum þarna um tíma tvö eða þrjú ár að mig minnir en þá keyptu foreldrar mínir sumarbústað af Óskari Ísakson leigubílstjóra sem stóð við Melabrautina. Faðir minn stækkaði hann fljótlega með viðbyggingu og með þessu vorum við komin mun innar á Nesið. Þaðan var líka styttra fyrir hann að fara til vinnu og okkur krakkana í skólann. Það var ekki nema steinsnar fyrir okkur. Á þessum tíma voru hermannaþraggar á Valhúsahæðinni og þannig háttaði til að einn þraggagaflinn snéri að Mýrarhúsaskóla. Kokkurinn hjá hernum hafði greinilega fylgst með okkur krökkunum því einn daginn þegar frímínútur stóðu yfir opnaðist glugginn alveg upp á gátt og hann birtist með stórt fat með stórri skúkkulaðitertu. Hann var búinn að skera tertuna í sneiðar alveg jafn margar og við vorum þannig að hver fékk sína sneið. Hann hafði þá talið okkur líka. Vissi nákvæmlega hvað við vorum mörg.“

Svartir af kolaryki

„Upp á fasta landinu tóku ný áhugamál og viðfangsefni við. Við

bræðurnir eignuðumst leikfélaga sem ekki voru til staðar í Gróttu. Við fórum í ýmsa leiki sem tíðkuðust í þá daga eins og keilubolta og fleira og fótboltinn tók við eftir að ég stækkaði. Við vorum oft í fótbolta fram yfir miðnætti. Það var erfitt að fá okkur inn þegar nóttin var björt. Við spiluðum í nágrenni gömlu lifrabræðslustöðvarinnar ekki langt frá þar sem lðunnarhúsið stóð og vorum því oft svartir af kolaryki sem var alls staðar þarna. Móðir mín varð stundum að fara með fötin okkar inn í þvottalaugarnar í Laugardal sem þá voru enn notaðar til þess að þvo og var ekki alltaf ánægð með útganginn. Á veturnar var farið á sleða. Albert í Gróttu hafði gefið okkur bræðrum magasleða og við renndum okkur fyrir ofan Eiðið. Lambastaðamýrina lagði oft á veturna og okkur þótti gaman að skjótast á skautum á svellunum á milli þúfnanna sem oft stóðu upp úr. Þarna var líka mikið af tómunum olíutunnum og einn leikur okkar var að raða saman nokkrum tunnum og hoppa yfir þær á skautunum. Lengst komumst við að hoppa yfir sex tunnur. Við fórum líka á skauta inn á Reykjavíkurtjörn. Tókum átta strætó inneftir og háltólf strætó til baka. Það var mjög gott að renna sér á Tjörninni vegna þess að slökkviliðið sem þá var í Tjarnargötunni sprautaði vatni yfir ísinn til þess að fá sléttara yfirborð. Á þessum tíma var Kolbeinsstaðamýrin að mestu óbyggð. Aðeins nokkur býli stóðu þar; Grænamýri og Bjarg, Stóri- og Litli Ás, Teigur, Baldursheimur. Blómsturvellir og Sunnuhvöll og skammt fyrir ofan Eiðið var Minni Bakki. Nú er þetta allt horfið nema Stóri Ás sem staðið hefur tómur um árabil en nú á að rífa húsið og byggja fjölbýli á lóðinni.“

Harða keilan bragðaðist vel

„Á þessum tíma var oft verið að þurrka net á trönum fyrir ofan Ísbjörninn rétt þar sem við áttum heima og líka verið að herða fisk. Okkur krökkunum fannst keilan sérstaklega góð þegar búið var að berja hana á steini til þess að mýkja



Foreldrar Elíasar þau Árni Elíasson og Fanney Gunnlaugsdóttir. Þau giftu sig 11. nóvember 1933 og haldið var veglegt demantsbrúðkaup þeirra 11. nóvember 1993. Þau voru síðasta fólkíð sem bjó í Gróttu fyrir utan Jón Albert Þorvarðarson.

hana. Nú er þetta allt farið og búið að byggja stórar íbúðablokkir á Hrólfsskálamelnum,“ heldur Elías áfram. „Þar var gryfjan sem kölluð var en hún varð til þegar mól var tekin til þess að bera ofan í vegakerfið á Nesinu. Húsið Bakki stóð á melnum og þar bjó vélstjóri hjá Ísbirninum og svo var þar annað hús sem hét Staður. Kveldúlfur var með tvær bryggjur. Önnur var við Melshús ekki langt frá og þangað fórum við strákarnir stundum til þess að veiða. Við veiddum einkum ufsa sem koma alveg upp að bryggjunum og var stundum kallaður bryggjuufsi vegna þess hversu nærri hann lá upp við land. Kveldúlfur var líka með bræðslustöð þar sem einkum var brædd lifur og þar stóðu gamlir bræðslukatlar eftir að bræðslunni var hætt.“

Byssurörið undir Kaffivagninum ?

Elías lætur hugann aftur reika til stríðsins og segir að mikið hafi verið flogið kringum og yfir Seltjarnarnes. Eitt sinn flaug vél á

símavir en flugmaðurinn var svo heppinn að hann náði henni upp aftur. Önnur var skotin niður út við Bygggarða. Ég sá það ekki en man þegar verið var að hífa flakið upp úr sjónum. Trúlega hefur hún verið þýsk án þess að ég viti það. Oft voru líka gefin loftvarnarmarki. Þá var blásið í sérstakar flautur og við urðum samkvæmt fyrirælum að fara ofan í kjallara og bíða þar þangað til að hættan var flautuð af með öðru hljóðmerki. Byssuhreiður var á Seltjarnarnesi og svo voru líka smíðaðar trébyssur. Ég heyrði einhvern tíma á tal mann niður á Kaffivagni að aðfallbyssurörið myndi vera grafið þar undir í uppfyllingu en ég sel þá frétt jafn ódýrt og ég heyrði hana. Þetta getur þó alveg verið rétt.“

Varð ekki KR-ingur því að ég reykti ekki

Elías varð aldrei KR-ingur þrátt fyrir áhuga á fótbolta. Af hverju skyldi það hafa verið. Hann segir skondna sögu af viðskiptum sínum við KR-strákana á þeim tíma. „Það var lítill kofi sem KR-ingar höfðu afnot af þar sem íþróttavöllurinn er núna. Ég hafði mikinn áhuga á að fá að spila með þeim og lagði eitt kvöld leið mína að kofanum til þeirra. Ég bankaði og bar erindið upp – hvort ég mætti spila með þeim. Og ég fékk spurnigu á móti. Ég var spurður hvort ég reykti og þegar ég neitaði því voru þeir fljótir til svars að þá hefði ég ekkert að gera með þeim. Ég fékk ekki að spila með KR-strákunum af því að ég reykti ekki. Þetta þætti nú ekki mikil íþróttamennska nú til dags en ég móðgaðist eitthvað við svarið sem var til þess að ég var aldrei með KR. Ég varð því aldrei nein fótboltahetja en fór þess í stað með Guðmundi Magnússyni skólabróður mínum af Seltjarnarnesi að æfa fimleika með ÍR og síðar með Ármanni. Annars var ekki margt að gera fyrir unglinga á þessum tíma. Við stunduðum svolítið að fara í KFUM og svo voru þrjú bíóin á sunnudögum þar sem við strákarnir skiptumst á hasarblöðum í

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



hléinu. Maður laumaðist líka svolítið í íþróttirnar þótt ég yrði alltaf að gæta mín út af mjóðminni.“

Skeytasendill á mótörhjól

Svo tóku fullorðinsárin við. „Já – svo tóku þau við og ég fór að vinna. Fyrst við sendistörf hjá Ríkisútvarpinu og síðan við skeytasendingar hjá Landssímanum. Ég eignaðist hjólaskauta á þessum tíma og eitt sinn er ég var á þeim á Hringbrautinni kom lögreglan og tók þá af mér. Ég frétti aldrei af þeim framur og engin svör fengust um af hverju þeir gerðu þetta. En trúlega hafa þeir álitnið þetta hættulegt farartæki og tekið það af mér af einhverjum öryggisástæðum. Fyrstu árin hjá Símanum fórum við með skeytin á mótörhjól en eftir um sjö ár á hjólinu fengum við bíla við skeytasendingarnar. Ég starfaði við akstur leigubíla í 13 ár. Það tók mig þann tíma að átta mig á að leigubílaaksturinn gaf lítið í aðra hönd þegar upp var staðið. Innkoman fór svo mikið í kostnað. Þetta var á amerísku öldinni eins við getum kallað hana. Þegar flestir leigubílstjórar voru á stórum eyðslufrekum amerískum bílum sem þurftu einnig talsvert viðhald þegar



Elías t.h. ásamt systkinum sínum þeim þeim Gunnlaugi Erni og Guðrúnu Esther. Myndin er tekin í Gróttu þar sem þau ólust upp fystu árin.

mikið var ekið. Vinnudagurinn var oft langur. Farnir voru túrar til Keflavíkur – stundum snemma á morgnana með flugfarþega og aðra og svo var hluti starfsins alltaf fólgin í að aka með menn í misjöfnu ástandi – oftast á kvöldin og nóttunni. Fyrsti bíllinn minn var af gerðinni Ford árgerð 1948. Hann kom frá Akureyri. Hafði skráningarnúmerið A 8 og hafði verið notaður við leiguakstur á Bifreiðastöð

Akureyrar eða BSA eins og hún var kölluð. Ég átt einnig Plymouth árgerð 1966 og síðan Chevrolet Nova. Hann var með fjögurra strokka vél og því fremur sparneytinn. Ég hafði hugsað mér að endurnýja hann en fékk þá þau svör hjá umboðinu að hætt væri að setja svo litlar vélar í þetta stóra bíla. Síðasti bíllinn sem ég notaði í leigubílaaksturinn var Ford Grand Torino.“

Frá Gróttu inn að KR heimili

„Þetta gekk allt stórslysalaust hjá mér en svo gafst ég upp á harkinu. Þetta var oftast mikil vinna borin saman við afraksturinn þegar allur kostnaður við bílaútgerðina hafði verið dreginn frá. En ég greip talsvert í hópferðaakstur á sumrin sem mér fannst miklu skemmtilegri vinna. Þar kynntist maður mörgu ágætu fólki auk þess að sjá og kynna landinu því ég fór talsvert inn á hálendið með ferðafólk – nokkuð sem maður gerði alls ekki á leigubílum. En eftir að ég hætti leigubílaakstri fór ég að starfa við akstur hjá Olíufélaginu Skeljungu eða Shell. Þá vandist maður aftur við hefðbundinn vinnudag. En við hvað sem ég hef fengist um dagana þá hefur Seltjarnarnes alltaf verið ofarlega í huga mér enda uppvöxturinn þar og hluti fullorðinsáranna. Ég bý á Kaplaskjólvegnum í dag en hef alltaf verið tengdur Seltjarnarnesi. Ég átti um tíma heima á Unnarbrautinni en flutti svo inn fyrir bæjarmörkin um tíma. Þetta hefur verið hringurinn. Ég hef aldrei komist lengra frá Gróttu en inn að KR heimili. Það er varla hægt að segja að ég hafi farið af Nesinu.“



Draumur á Jónsmessunótt



FLOTHETTAN – fyrir draumkennt sumar!

„Ég get ekki talað nógu fallega um Sveita-Samflotin og Flothettuna hennar Unnar Valdísar.“
Thelma Björk Jógakennari.
LÆKKAÐ VERÐ: 16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND – fallegasta útskriftargjöfin?

Silfruð, gyllt, rósagull.
Einstakt veganesti út í lífið.
Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



LÍFRÆNN ESPRESSÓBAR!

Súrdeigssamlukur, þeytingar, Acai skál, chiagrautar, croissant, kökur og margt, margt fleira.

Alltaf úr besta hráefninu.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Rúmfatalagerinn opnar í Örfirisey

„Við leggjum mikið upp út fljótri og góðri þjónustu,“ segir Hallur Eiríksson verslunarstjóri.

Rúmfatalagerinn opnaði nýja verslun í Örfirisey á dögunum. Þetta er sjötta verslun Rúmfatalagersins og er í um 1200 fermetra húsnæði á sama stað og verslanir BYKO, ELKO og Krónunnar. Þrjár þessara verslana voru fyrir í húsinu í Örfirisey en Rúmfatalagerinn er nú einnig kominn í Vesturbæinn. „Við opnuðum 2. júní klukkan sjö að morgni og viðtökurnar létu ekki á sér standa,“ segir Hallur Eiríksson verslunarstjóri í samtali við Nesfréttir.

Þegar inn er komið blasir við bjórt og rúmgóð verslun þar sem auðvelt að nálgast þær vörur sem viðskiptavinurinn hefur áhuga fyrir. „Við reyndum að skipuleggja þetta með þeim hætti og allt væri aðgengilegt. Rýmið er einnig þannig að starfsfólkið okkar er mjög sýnilegt innan um vörurnar og auðvelt fyrir viðskiptavininn að spyrjast fyrir og leita upplýsinga. Við leggjum mikið upp út fljótri og góðri þjónustu – að viðskiptavinurinn fái þau svör sem hann vanhagar um.“ Hallur segir að ákveðinni forskrift sé fylgt við uppsetningu á verslunum Rúmfatalagersins en það gildi bara um ytri línur – staðsetningu deilda og því um líkt. „Síðan er okkur sjálfum ætlað að vinna uppsetningarnar innan þess ramma og hér í Örfirisey vildum við leitast við að taka mið af ætluðum markhóp. Þetta er fyrsta verslunin á þessu svæði og við væntum viðskiptavina úr Vesturbænum beggja vegna Hringbrautar, úr Miðbænum eða 101-um og af Seltjarnarnesi. Við vitum einnig að margt fólk leggur leið sína hingað út á Grandann og viðbúið að það líti inn til okkar.“



Hallur Eiríksson verslunarstjóri í Rúmfatalagerinu í Örfirisey. Að baki hans má sjá húsgögn sem verslunin hefur á boðstólum.

Hallur segir að koma verði í ljós hvaða kröfur viðskiptavinirnir muni gera hvort þær verði aðrar en gerðar eru í öðrum verslunum Rúmfatalagersins en þær verði varla minni. „Við erum með flestar vörur á lager hér í versluninni en útvegum með hraði það sem ekki kann að vera til staðar þegar spurt er. Þróunin verður svo að sýna eftir hverju mest verður leitað og kann uppbygging lagersins hér að ráðast nokkuð af því í framtíðinni,“ segir Hallur. Klukkan var að verða tólf á laugardegi þegar tíðindamaður hélt af vettvangi. Bílastæðin voru að verða þéttsetin og verslanirnar – bæði þær nýendurgerðu og sú nýja að fyllast af viðskiptavinum.



Rúmfatalagerinn. Fyrir utan má sjá útihúsgöng í gerði.

APOTEK
KITCHEN+BAR

ALVÖRU STEIKUR OG BORGARAR SEM ÞÚ ELDAR HEIMA!



Komdu við á APOTEK KITCHEN+BAR og taktu með þér úrvals steikur og hamborgara í grillveisluna.

STEIKUR

- Rib eye u.þ.b. 350g 5.900 kr./kg
- Nautalund u.þ.b. 250g 5.900 kr./kg
- Prime T-bone, 30 daga dry-aged, u.þ.b. 600g 8.900 kr./kg
- Prime NY strip steik, 30 daga dry-aged, u.þ.b. 450g 8.900 kr./kg
- Dry-aged rib eye, 60 daga, u.þ.b. 350g 13.900 kr./kg
- Prime rib eye, 280 daga kornfóðrað, u.þ.b. 350g 9.900 kr./kg

HAMBORGARAPAKKINN

- Fjórir 175g Apotek borgarar úr sérvöldri rumpsteik og rifjum
- Fjögur heimabökuð brioche-brauð 2.500 kr.

STEIKAR- OG HAMBORGARAPAKKINN

- Tvær nautalundir u.þ.b 250g/stk.
- Tveir 175g Apotek borgarar úr sérvöldri rumpsteik og rifjum
- Tvö heimabökuð brioche-brauð 4.500 kr.

Gott er að panta með dags fyrirvara í síma 551 0011 eða senda póst á apotek@apotekrestaurant.is. Einnig er hægt að prufa að hringja samdægurs ef upp kemur skyndileg grillþörf.

Pungt hljóð í Samfylkingunni

Það var vægast sagt þungt hljóðið í Guðmundi Ara Sigurjónssyni, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar, í grein sem hann ritaði í síðasta tölublaði Nesfréttanna. Að hans mati er staðan „ansi svört“ í eftirsóknarverðasta bæjarfélagi landsins. Hann ýjar að því að um sé að kenna áratuga valdatíð sjálfstæðismanna í sveitarfélaginu sem hann sjálfur kysir að starfa hjá sem tómtunda- og félagsmálafræðingur. Seltirningar vita hins vegar betur og er staðan hér í bæ öfundsverð.

Guðmundur Ari fer yfir töf á byggingu hjúkrunarheimilis. Er ekki rétt að vanda sérstaklega til verka í því mikilvæga og stóra máli sem kostar gríðarlega fjármuni? Hvaða sveitarfélög treysta sér til að byggja og reka hjúkrunarheimili í dag? Nær ekkert nema Seltjarnarnes. Flest önnur sveitarfélög vilja skila af sér rekstri hjúkrunarheimila sinna, t.d. Vestmannaeyjabær og Garðabær. Töfin hjá Seltjarnarnesbæ skýrist meðal annars af fornleifarannsóknunum og að vanda þurfti sérstaklega til nýs deiluskipulags í sátt við íbúa, enda um viðkvæmt svæði að ræða. Enn er beðið eftir að ríkið hækki framlög til rekstrar enda gengur núverandi rekstrarmodel ekki upp. Að auki er rétt að minna á að Seltirningar hafa ekki forgang að hjúkrunarheimilinu samkvæmt samningi við ríkið.

Um íbúðamálin

Guðmundur Ari kennir meirihluta sjálfstæðismanna um hátt íbúðaverð fyrir ungt fólk. Berum við í meirihlutanum líka ábyrgð á háu verði nýrra íbúða í öðrum sveitarfélögum? Hvers lags viðáttuvitleysa er borin hér á borð. Íbúðaverð ræðst af markaðsverði hverju sinni, ekki lóðaverði ef lóð er seld ódýrt. Ef lóð er seld undir markaðsverði eða hreinlega gefin til leigufélags, græðir verktakinn eða leigufélagið bara meira. Kaupendur og leigjendur borga það sama, markaðsverðið. Eina sem heldur markaðsverðinu niðri er nægt framboð af íbúðalóðum. Þar getur Seltjarnarnesbær litið gert enda Nesið

nánast fullbyggt, ólíkt Reykjavík. Því miður áttar Guðmundur Ari sig ekki á þessu. Svo er miklu dýrara að kaupa nýja íbúð en notaða, rétt eins í bílakaupum til að mynda. Það hefur alltaf verið erfitt að kaupa sína fyrstu íbúð og flest ungt fólk byrjar á því að kaupa sér eldri íbúðir enda mun ódýrari en splunkunýjar á besta stað. Um þriðjungur íbúðahúsnæðis á Seltjarnarnesi er minni en 100 fm. Guðmundur Ari er ekki sáttur við að bærinn hafi selt tvær félagslegar íbúðir sem þörfuðust verulegs viðhalds og voru mjög óhentugar að stærð. Er eitthvað við það að athuga? Til allrar hamingju eru örfáir einstaklingar á biðlista sem fá þá betra húsnæði. Varðandi málefni fatlaðra er unnið að skynsamlegri lausn vegna sambýlisins á Sæbraut. Málið er flókið og skýrist af því að Reykjavík, undir forystu Samfylkingarinnar, vill loka því en um sameiginlegt þjónustusvæði er að ræða. Í skoðun er hvort bærinn geti tekið yfir sambýlið á Sæbrautina eða útvegað lóð fyrir áhugasama rekstraraðila nýs sambýlis.

Hver er hin raunverulega staða á Seltjarnarnesi?

Barna fjölskyldur una hag sínum vel á Seltjarnarnesi og eru fjölmörg dæmi um að fólk flytji frá Reykjavík til okkar. Ekki er íbúðaverð í Reykjavík mikið lægra, og í raun hærra í miðbæ og Vesturbæ – jafnvel þó svo að Samfylkingin ráði þar ríkjum með hærri sköttum og mun minni þjónustu. Fjölskyldufólki fjölgar nú hratt aftur á Seltjarnarnesi, enda er skólastarf og íþrótt- og tómtundastarf hér með því besta sem þekkest. Bærinn greiðir 50 þúsund króna tómtundastyrki á hvert barn, þá hæstu á landinu. Leikskólalagöld voru fyrir skómmu lækkuð um 25% og hvergi er hagstæðara að vera hjá dagforeldri vegna riflegrar niðurgreiðslu frá bænum. Aldraðir eru ánægðir hér á Seltjarnarnesi, m.a. útaf geysilega öflugum félagsstarfi á Skólalabrutinni. Nýverið var stofnað öldungaráð til að huga enn frekar að

hagsmunum eldri borgara. Það er forgangsmál að efla þjónustu við aldraða enn frekar. Þrátt fyrir allt ofangreint eru álögur hér mun lægri en í Reykjavík. Útsvarið er til að mynda um 6% hærra í Reykjavík en á Nesinu. Samkvæmt könnun GALLUP á þjónustu sveitarfélaga fyrir árið 2015 eru um 90% Seltirninga ánægð með þjónustuna hér, en 4% óánægð og er þá Guðmundur Ari þar með talinn. Svigrúm er því til bætingar.



Magnús Örn Guðmundsson.

Draumaborg Samfylkingarinnar

En hvernig er staðan í Reykjavík Samfylkingarinnar þegar kemur að þjónustu við borgarbúa? Hún er þannig að meirihlutinn vill ekki einu sinni birta niðurstöðurnar úr könnun GALLUP. Hvernig skyldi standa á því? Grasið er ekki grænna hinum megin við bæjarmörkin – grasið er ekki einu sinni slegið heldur látið óhirt eins og ruslatunnurnar enda Reykjavík á höfðinu eftir áralangan hallarekstur og skuldaföfnun vinstri manna. Það er gæfa en ekki ógæfa að sjálfstæðismenn hafi haldið hér um stjórnartauma frá stofnun bæjarfélagsins. Grein Guðmundar er einkennandi fyrir pólitík Samfylkingarinnar og ógæfu hennar, sem mælist með 6% fylgi á landsvísi í nýlegri könnun. Innistæðulaus með öllu. Lítil hluti þessara 6% vildi Guðmund sem formann í nýafstöðnum netkosningum til formanns Samfylkingarinnar enda er nægilega þungt yfir þar fyrir. Meira að segja sá frambjóðandi sem vill leggja Samfylkinguna niður var ekki fjarri því að vinna formannskosninguna.

Magnús Örn Guðmundsson
Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Ert þú í söluhugleiðingum?

Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti



Helðrún Björk Gísladóttir hdl,
Löggitur fasteigna- og skipasali



Björn Þorri Viktorsson hrl,
Löggitur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson
Skrifstofustjóri

Midborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 4800

www.midborg.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Fjölbreyttur 17. júní

Sautjándi júní er handan við hornið. Hátíðahöldin á Seltjarnarnesi fara fram í Bakkagarði en skróðgangan leggur að þessu sinni upp frá Leikskólanum við Suðurströnd kl. 14. Að vanda verður öllu tjaldað til á Nesinu og hátíðardagskráin sniðin að bæjarbúum á öllum aldri. Hér að neðan má sjá hvað í boði verður í tilefni hátíðarinnar.

Kl. 10 til 12 mun Siglingafélagið Sigurfari og Björgunarsveitin Ársæll bjóða börnum í fylgd með fullorðnum upp á bátsferðir frá smábátahöfninni við Bakkavör. Siglingar eru háðar veðurfari.

Kl. 11:00 verður Hátíðarguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju. Sóknarprestur Sr. Bjarni Þór Bjarnason þjónar fyrir altari, organisti Friðrik Vignir Stefánsson og ræðumaður Guðbrandur Sigurðsson forseti Rótarýklúbbs Seltjarnarness.

Kl. 13 til 14 verður boðið upp á andlitsmálun við Leikskólann áður en skróðgangan hefst svo börnin geti notið dagskrárinnar í Bakkagarði.

Kl. 14:00 fer skróðgangan af stað. Gengið verður frá Leikskóla Seltjarnarnes að Bakkagarði í fylgd Lúðrasveitar verkalýðsins undir stjórn Kára H. Einarssonar. Trúðar og stultufólk slást í hópinn. Fánaberar eru úr Björgunarsveitinni Ársæl.

Kl. 14:15 til 17:00 skemmtir Trúðurinn Úlfar og heldur dagskránni gangandi allan tímann á Bakkagarði.

Þá má nefna hátíðarræðu formanns menningarnefndar, Katrínar Pálsdóttur, ávarp fjallkonunnar og fleiri áhugaverð atriði. Öll afþreying á svæðinu er gjaldfrjál. Í boði eru vatnaboltar, loftboltar, trampólín, hestateymingar, risarennibraut, fljúgandi diskur, andlitsmálun og fleira. Fjölbreytt veitinga- og vörúrfval verður í sölutjöldum á svæðinu í umsjón íþrótt- og félagasamtaka. Rjúkandi vöflur verða seldar í Félagsheimilinu frá kl. 15. Að endingu eru gestir beðnir að virða lokun Suðurstrandar frá Steinavör að Bakkavör frá kl. 13:30 til 17:00. Strætósamgöngur verða samkvæmt áætlun.

Jónsmessuhátíð í anda fortíðar

Andi fortíðar og sköpunarkraftur nútíðar mætast á Jónsmessuhátíð Seltirninga sem haldin verður hátíðleg fimmtudaginn 23. júní fjölskyldufólk er sérstaklega boðið velkomnið.

Kl. 17:15 til 17:30 verður safnast verður saman við hákarlaskúrinn við Norðurströnd. Gestum boðið að reka inn nefið og gæða sér á hnossgeiti úr skúrnum. Stjúpmæður leika vel valin lög.

Kl. 17:40 til 18:10 munu galdrasmiðir bjóða gestum að gera eigin smíðagripni með gömlu og nýju verklagi við Bygggarða. Þar sem járníð er hamrað heitt eða logsuðunni beitt.

Kl. 18:10 til 18:30 munu þjóðþekktir listamenn reka vinnustofur á Bygggördum bjóða gestum að líta inn og skyggast undir yfirborð verkanna. Á trönum verður hvítur strigi þar sem gestir skapa í sameiningu listaverk í anda Jónsmessunnar.

Kl. 18:35 til 19:00 bjóða átta listakonur gesti velkomna á samsýninguna Brjóstdropar í Nesstofu þar sem þær hafa fangað andrúmsloft lækninga og líknar sem einkennir sögu þessa einstaka húss.

Kl. 19:00 til 20:00 verða Snældusnúður og Sunnyside Road í Lækningaminjasafninu. Undanfarin þrjú ár hefur farið fram uppgröftur á bæjarhól Móakots, sem var hjáleiga frá stórbýlinu Nesi. Gripir og byggingar sem hafa fundist á svæðinu benda til þess að bærinn Móakot eigi sér lengri sögu en áður var talið. Sýndir verða munir, sem fundist hafa við uppgröftinn, og uppgreftri síðustu ára lýst í máli og myndum. Gleðibandið Sunnyside Road leikur á þaki Lækningaminjasafnsins og Hitaveita Seltjarnarness býður upp á þjóðlegar veitingar. Léttur vatnsúðari - ef ekki regnskýin sjálf - sér til þess að börn og fullorðnir geti baðað sig á daggarvotum grasbalanum vestan við safnið áður en haldið er heim á leið.



SVÍNVIKKAR FYRIR HÓPA

KJALLARINN á Sæta svíninu er ný og skemmtileg aðstaða fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.

KJALLARINN er frábær fyrir alls konar tilefni; hádegis- eða kvöldverð, veislur, vinnufundi, kokteilboð, bjórkvöld eða fyrir „Happy Hour“ eftir vinnu.

FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA Í NOTALEGUM SAL

- Sæti fyrir allt 60 manns – hægt er að taka á móti fleirum í standandi veislu
- Skjávurpi og tjald
- Tilvalið er að koma með eigin tónlist og/eða skemmtiatriði
- Bar
- Frábær staðsetning í hjarta Reykjavíkur

Í boði eru fjölbreyttar veitingar; girnilegir hópmatseðlar, spennandi veitingar fyrir standandi veislur og auðvitað fljótandi veigar.

Við hlökkum til að taka á móti þínum hóp!

ELDHÚSIÐ
ER OPÍÐ
11.30-23.30

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

TÖLVUNÁMSKEIÐ - PÚTT OG SUMARFERÐ.

Maímánudur var viðburðaríkur í félagsstarfinu. Fyrir utan skemmtilegan vorfagnað og vel heppnaða óvissuferð í Grundarfjörð var haldin þriggja daga handverkssýning í lok maí. Á sýningunni mátti sjá margt fallegra muna sem unnir hafa verið í vetur á námskeiðunum í leir, gleri, listasmíðju, bókbandi og handavinnu. Sýningin þótti mjög fjölbreytt og skemmtileg og fallega uppsett. Á sýningunni var sölubás með handverki og handaverkskonur seldu vöflur. Nú dregur úr hefðbundinni dagskrá en þó verður eitthvað í gangi alla daga hjá okkur í sumar og eru allir velkomnir og fólk hvatt til þátttöku.

DAGSKRÁIN ER EFTIRFARANDI: Seltjarnarnesbær býður eldri bæjarbúum upp á kennslu í tölvu, spjaldtölvu og snjallsímanotkun. Farið verður í gegnum algengustu forrit, kíkt á veraldarvefinn, tölvupóst og öpp og fleira sem hentugt er að kunna. Hvert námskeið er 4 dagar í senn og frjálst er að koma á fleiri en eitt námskeið. Skráning fer fram í síma: 5959-100 í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar. Þeir sem eiga græju svo sem ípad, snjallsíma eða fartölvu eru hvattir til að koma með þau en einnig verða tölvur á staðnum. Námskeiðin fara fram í tölvuveri Valhúsarskóla og hefjast mánudaginn 13. júní og eru fólk að kostnaðarlausu.

Önnur dagskrá:

- Í júní verður jóga alla mánudags- og fimmtudagsmorgna klukkan 11:00 í salnum á Skólabraut.
- Vatnsleikfimi í sundlauginni alla mánudaga og miðvikudaga klukkan 18:30 og alla þriðjudaga og fimmtudaga klukkan 07:15.
- Kaffikrókur alla virka morgna klukkan 10:30 á Skólabraut.
- Botsía og fleira í Gróttusal alla þriðjudaga klukkan 13:30.
- Ganga frá Skólabraut mánudaga og miðvikudaga klukkan 13:30.
- Alla fimmtudaga verða skemmtilegar uppákomur, svo sem félagsvist, bingó, kaffihúsaferðir, tónlist og dans eða eitthvað annað spennandi sem auglýst verður með fyrirvara. Dagskrá fer fram á Skólabraut.
- Púttvöllurinn á Skólabraut verður opinn alla daga.
- Hægt verður að spila billjard í safnaðarheimilinu fyrir áhugasama.
- Árleg sumarferð eldri borgara verður farin í Borgarfjörðinn fimmtudaginn 7. júlí. Skráningarblöð og nánari upplýsingar liggja frammi á Skólabraut.
- Hið árlega Harmonikkuball verður auglýst þegar nær dregur.

Dagskráin er auglýst í Morgunblaðinu alla daga, dagskráin er einnig aðgengileg á heimasíðu bæjarins, í Nesfréttum, auglýsingablöð hanga uppi á auglýsingatöflu í félagsaðstöðinni á Skólabraut og á facebook síðu eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Einnig er hægt að hafa samband við Ragnhildi í síma: 698-6728, Sunnevu í síma: 899-5996 eða Kristján í síma: 770-3955.

Boðið verður upp á söfnun og utanumhald um sögulegar ljósmyndir sem kunna að leynast í fórum bæjarbúa. Þetta fer fram í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut alla virka daga í júní og júlí kl. 9-15. Fólk er hvatt til að mæta með gamlar og nýjar myndir sem endurspeglar bæjarbraginn í gegnum tíðina. Myndirnar verða skannaðar og settar í gagnagrunn í varðveislu bæjarins og einnig aðgengilegar eigendum sínum í rafrænu formi. Nánari upplýsingar og fyrirspurnir á ljósmyndasafn@nesid.is

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins - Kría

Krían er langalgengasti varpfluglinn á Seltjarnarnesi og geta hreiðrin skipt þúsundum í góðum árum. Þessi mikli ferðalangur, sem er með vetursetu í Suður-Íshafinu, kemur venjulega til landsins snemma í maí, þó fyrstu fuglarnir sjáist oftast síðustu dagana í apríl. Hún verpur víða á Nesinu, stærstu vörpin eru núna í Suðurnesi og Gróttu, en nokkuð stórt varp er jafnframt í Snoppu. Um tíma var varp við Bakkatjörn, en það er nú horfið. Nokkrar sveiflur eru milli ára í stærð varpanna. Kría er síðan að mestu horfin um mánaðamótin ágúst-september.



Kría með sandsíli handa ungum sínum í Dal í Suðurnesi 31. júlí 2015. Ljós. JÓH.

Kríuvarpið á Seltjarnarnesi öllu hefur verið vaktað að frumkvæði Umhverfisnefndar frá árinu 2000, en lengur í Gróttu.

Afar léleg afkoma hefur verið hjá kríunni um skeið eða þangað til í fyrra, 2015, það hafa ekki komist upp jafn margir ungar frá árinu 2004. Árið 2005 var metár í varpinu, þá urpu rúmlega 4500 pör á Seltjarnarnesi, en afkoman var léleg, fáir ungar komust á legg. Árið 2007 var lítið varp og 2011 ekkert. Ástæðan fyrir þessari óáran er fyrst og fremst skortur á aðalæti kríunnar, sandsílinu. Hlýnandi sjór og gróðurhúsaáhrif eru talin valda lélegri afkomu þess. Fjölmargir aðrir sjófluglar deila þessu æti með kríunni og hefur sama óáran hrjáð þá og hana. En eftir góða afkomu í fyrra eru menn bjartsýnir á að kría nái sér á strik aftur. Það er líka afar nauðsynlegt að vernda búsvæði hennar, varplandið. Gróttu er friðuð og er það vel, huga þarf að friðun þeirra svæða í Suðurnesi og Snoppu þar sem hún vill helst vera.

Jóhann Óli Hilmarsson, www.johannoli.com

Viðurkenningar

Þann 6. júní síðastliðinn fór fram útskrift nema í 10. bekk Valhúsaskóla. Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitti tveimur útskriftarnemum viðurkenningar. Að þessu sinni hlutu þau Kristín Helga Jónsdóttir viðurkenningu fyrir árangur og ástundun í náttúrufræðum. Hvatningarverðlaun hlaut Vlado Glusica. Í baksýn sést Ólína E. Thoroddsen skólastjóri.



F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.

SANGRÍA FIMMTUDAGAR

PASSION FRUIT CLASSICA CAVA BERRY



Bakki af fjórum frábærum
mini Sangríum aðeins 2.990 kr.

Frábært til að deila og smakka



RESTAURANT-BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Hægur matur heim slær í gegn

„Við opnuðum fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan og erum þegar komin með mikið af fastakúnnum, sem okkur þykir rosalega vænt um og er okkur mikil hvatning.“ segir Rakel Eva Sævarsdóttir sem ásamt eiginmanni sínum og þeim Jóni Helga Erlendssyni og Martinu Nardini rekur veitingastaðinn og verslunina Borðið við Ægisíðu 123. Móttökurnar hafa að sögn eigenda farið fram úr björtustu vonum, en ásamt Vesturbæingum og Seltirningum hefur fólk frá ólíklegustu stöðum litið við og tekið hægeldaðan mat með sér heim eftir vinnu.

„Hingað hafa þó nokkrir komið úr Garðabænum og Grafarvoginum og sumir jafnvel oftár en einu sinni,“ segir Rakel Eva “en flestir eru úr nærumhverfi okkar.” Þrátt fyrir að áherslan sé á fallega framsettan mat til að taka með sér heim milli 16-20 á virkum dögum og stendur til að lengja opnunartímann og bjóða upp á hádegismat, bröns og kvöldmat um helgar þegar fram líða stundir. „Við eigendurnir ætluðum okkur líka að bjóða upp á léttvín



Jón Helgi Sen Erlendsson, Martina Vigdís Nardini, Rakel Eva Sævarsdóttir og Friðrik Ársælsson

og bjór eftir vinnu seinni hluta vikunnar, búa til smá „apertivo“ stemningu og vera með kvöldmat með víni hér á kvöldin, en því miður neitaði Reykjavíkurborg okkur um áfengisleyfi, þrátt fyrir

að jákvæð umsögn hafi áður verið veitt fyrir sölu léttvíns á þessum stað,“ segir Rakel Eva og bætir við að neikvæðar umsagnir nággranna staðarins hafi gert útslagið. „Okkur finnst ofboðslega leiðinlegt að geta

ekki boðið okkar frábæru viðskiptavinum upp á léttvín og bjór með mat á kvöldin líkt og nággrannar okkar á Kaffi Vest og Bike Cave hafa leyfi til þrátt fyrir að vera staðsettir í íbúðarhverfi eins og við,“ segir Rakel og heldur áfram: „Ég hef fulla trú á því að þetta neikvæða viðhorf til sölu léttvíns sé á undanhaldi og að sala veitinga og léttvíns sé smám saman að færast út fyrir 101. Við Ægisíðu 123 hefur verið verslunarrekstur sleitulaust frá árinu 1947 og það er að okkar mati forneskjulegt viðhorf að banna sölu léttvíns á kvöldin í rými þar sem áður var videoleiga og hamborgarabúlla með opnunartíma til kl. 23.30.“ segir Rakel Eva og hvetur þá sem eru sama sinnis og hún að hafa samband við sig eða koma skilaboðunum áfram til borgaryfirvalda. “Fyrst og fremst viljum við þó þakka öllum þeim fjölmörgu sem eru búnir að koma til okkar í þessar fáu vikur sem við höfum haft opið og hlökkum til að sjá alla aftur sem fyrst!” segir Rakel Eva svo að lokum með bros á vör.

MIKLABORG

Vegna mikillar sölu á Nesinu vantar mig sérbylí á Nesinu. Um er að ræða rað,- par, og einbýlishús. Er með fjársterka kaupendur og kaupendur sem hafa þegar selt sína eign.



Nánari upplýsingar veitir

Ólafur Finnbogason

löggiltur fasteignasali

sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

569 7000

Lágmúla 4

www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



Fanney Hauksdóttir heimsmeistari í kraftlyftingum

Fyrir stuttu náði kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir úr Gróttu þeim frábæra árangri að verða heimsmeistari í klassískri bekkpressu en hún lyfti 105 kílóum á heimsmeistaramótinu sem fram fór í Potchefstroom í Suður-Afríku.

Fanney varð heimsmeistari í -63 kg. flokki á mótinu. Hún lyfti mest 105 kg. en reyndi einnig við 110 kg. lyftu. Algjörlega frábær árangur hjá þessari mögnuðu íþróttakonu.



Geta verið stoltir af frammistöðunni

Síðasta mótið hjá yngra árinu í 5. flokki karla í vetur fór fram á Ísafirði og Bolungarvík helgina 6. til 8. maí sl.

Skemmt er frá því að segja að strákarnir stóðu sig afskaplega vel. Gróttu 2 vann tvo leiki og tapaði tveimur og lenti þar með í 3. sæti í 3. deild. Gróttu 1 endaði í 2. sæti, 4. mótið í röð og fengu því silfurverðlaun í keppninni um Íslandsmeistararitilinn. Mótið var vel heppnað og skemmtu strákarnir sig konunglega á þessu seinasta móti vetrarins. Strákarnir geta svo sannarlega verið stoltir af frammistöðu sinni og framförunum í vetur. Gaman verður að fylgjast með þeim á næstu árum.



Gróttu 1.



Gróttu 2.



3. flokkur karla.

Draumaferð til Þýskalands

Þriðji flokkur karla í handbolta fóru í sannkallaða draumaferð til Þýskalands á dögnum. Ferðin hófst á fimmtudagsmorgni á Keflavíkurflugvelli síðustu helgina í maí þar sem drengirnir biðu fullir eftirvæntingar eftir fluginu til Berlínar en þaðan var tekið tengiflug til Kölnar. Það var því komið fimmtudagskvöld þegar hópurinn loksins innritaði sig á NH Media Hotel í miðborg Kölnar.

Fyrri hluti föstudagsins var nýttur í búðaráp en öll augun beindust að æfingarleik gegn Bayer Dormagen sem er í 30 km fjarlægð frá Köln. Það var augljóst frá fyrstu mínútu leiksins að engir aukvarar skipuðu lið Dormagen. Liðið er eitt af fjórum bestu liðum Þýskalands. Hins vegar

léku strákarnir skínandi góðan leik en heimamenn voru þó sterkari og unnu leikinn með fjórum mörkum.

Laugardegnum og sunnudeginum gleyma strákarnir líklegast seint. Hópurinn var með miða á úrslitahelgi meistaradeildar karla sem fór fram í Lanxess Arena að viðstöddum 20.000 áhorfendum. Á laugardegnum voru undanúrslitaleikirnir og á sunnudeginum úrslitaleikirnir. Leikirnir voru allir mikil veisla en úrslitaleikurinn verður seint toppaður þar sem Kielce urðu Evrópumeistarar eftir vítakeppni. Það voru því skælbrosandi leikmenn 3. flokks karla sem lentu í Keflavík aðfaranótt mánudagsins eftir sannkallaða draumaferð til Þýskalands.

Forskráning í fimleikadeild

Forskráning fimleikadeildar Gróttu hófst 1. júní sl. og stendur til 15. ágúst 2016 á meðan pláss eru laus.

Greiða þarf 10.000.- króna skráningargjald með kreditkortu þegar iðkandi er skráður. Skráningargjaldið er óafturkræft en dregst frá æfingagjaldi næsta vetrar. Eftir 15. ágúst er hægt að skrá á biðlista.

Fimleikar fyrir fimm ára og eldri:

Grunnfimleikar fyrir 5 til 8 ára stúlur og drengi (f. 2008-2011). Áhaldafimleikar fyrir stúlur 8 ára og eldri (f. 2008 og fyrr). Hópfimleikar og stökkfimi fyrir stúlur og drengi 8 ára og eldri (f. 2008 og fyrr).

Fimleikar fyrir 3 og 4 ára (f. 2012-2013).

Það verða tvö námskeið fyrir 3 til 4 ára börn á laugardögum næsta vetur, september-nóvember og janúar-apríl. Skráning á fyrra námskeiðið hefst 1. ágúst 2015. Skráning á seinna námskeiðið hefst 1. desember. Vinsamlegast athugið að það þarf að skrá iðkendur upp á nýtt fyrir hvert tímabil. Biðlisti síðasta tímabils fellur úr gildi.

Blómlegt starf handknattleiksdeildar

Handknattleiksdeild Gróttu hélt uppskeruhátíð vetrarins í byrjun júní þar sem öllum iðkendum í yngri flokkum voru afhent viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku sína ásamt því að viðurkenningar voru veittar fyrir önnur afrek sem unnin voru innan sem utan vallar í vetur. Starfið innan handknattleiksdeildarinnar var blómlegt að vanda þar sem dugnaður og framfarir iðkenda fóru saman og ljóst að framtíðin er björt hjá Gróttu.

Fjölmargir iðkendur yngri flokka voru valdir í landsliðshópa vetrarins og voru þeir sérstaklega heiðraðir á uppskeruhátíðinni sem og Íslandsmeistararnir í 5. flokki kvenna, yngra ári. Góður árangur náðist víðar innan handboltavallarins í vetur en þar ber að minnast þess að drengirnir í 5. flokki, yngra ári, og stúlkurnar í 6. flokki, yngra ári, urðu í 2. sæti í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í sínum flokkum auk þess sem að Gróttustelpur sigruðu B-úrslit 4. flokks kvenna, yngra ár. Víða urðu jafnframt Gróttuliðin deildarmeistarar í sínum deildum á lokamótum vetrarins. Þá voru góðir þjálfarar kvaddir með eftirsjá en handknattleiksdeildin óskar þeim velfarnaðar í leik og starfi.

Taka skal mið af aldri

Barna- og unglíngaráð handknattleiksdeildar Gróttu gaf út nýja stefnu í október 2015 þar sem farið er yfir gildi og markmið þjálfunar ásamt leiðum til að ná þeim markmiðum þar sem tekið er mið af aldri iðkenda. Næsta haust munum við taka upp þráðinn að nýju við að byggja upp starfið í yngri flokkum með gildin okkar – metnaður, vinátta, virðing og árangur – að leiðarljósi. Mikilvægt er að veita iðkendum tækifæri til að þroska sig sem einstaklinga, tileinka sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar og ekki síst að öðlast jákvæða sjálfsmýnd og gott sjálfstraust.

Arnar Jón yfirþjálfari

Arnar Jón Agnarsson hefur verið ráðinn til starfa sem yfirþjálfari yngri flokka hjá handknattleiksdeildinni og mun verða lögð áhersla á innleiðingu stefnunnar inn í allt starf yngri flokka. Hann er 34 ára gamall og hefur mikla reynslu sem leikmaður og þjálfari. Hann hefur m.a. leikið með Stjörnunni, Haukum og sem atvinnumaður í Þýskalandi. Arnar Jón er með BA-próf í sálfræði og hefur þjálfað töluvert, m.a. yngri flokka í Stjörnunni og Fylki auk þess sem hann þjálfaði meistaraflokk KR tímabilin 2013-2015. Það er því mikill fengur í því að fá hann til starfa með okkur og hlökkum við til samstarfsins með iðkendum og foreldrum þeirra í þeirri vegferð að gera gott starf enn betra.



Efnilegar handboltastúlkur sem fengu viðurkenningu.



Efnilegar handboltastrákar sem fengu viðurkenningu.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Eins og kunnugt er þá er hann í framboði til embættis forseta Íslands en kosið verður þann 25. júní n.k. Guðni býr ásamt fjölskyldu sinni á Seltjarnarnesi.

Fullt nafn? Guðni Thorlacius Jóhannesson.

Fæðingard. og ár? 26. júní 1968.

Starf? Dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Farartæki? Toyota Previa 2003.

Helstu kostir? Læt aðra dæma um það.

Eftirlætis matur? Pönnusteikt bleikja.

Eftirlætis tónlist? Allt frá þungarokki til Richard Clayderman.

Eftirlætis íþróttamaður?

Patrekur Jóhannesson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Íþróttir af öllu tagi.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Alfræðiorðabókinn Britannica. Fletti mikið í henni á unglingsárunum til að stytta mér stundir en á reyndar eftir að klára hana.

Uppáhalds leikari? Jóhanna Vigdís Arnardóttir.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

The Shawshank Redemption.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Les góða bók eða leik við krakkana.

Svo fer ég gjarnan út að hlaupa og spila reglulega fótbolta.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Gróttá!



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika, húmor og jafnaðargeð.

Hvern vildir þú helst hitta?

Winston Churchill.

Uppáhalds vefsíða?

Á enga upphalds vefsíðu.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Ég á afmæli 26. júní, daginn eftir kosningarnar. Það væri til dæmis gaman að fá eitthvað gott upp úr kjörkössunum.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Greiða inn á húsnæðislánið og styrkja Hollvíni Grensásdeildar.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Gefa öllum fri og hafa ókeypis í sund.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að láta gott af mér leiða. Óþarfi að flækja það mikið.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Hef reyndar ekki tekið mér sumarfrí ennþá. (Er í forsetaframboði um þessar mundir.)



opinn - trúnaður - ókeypis + Raufi kross Íslands




GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188




TOSCANA
súrdeigsbrauð með heilkorni



KLETTABRAUÐ
gerlaust súrdeigsbrauð



SVEITABRAUÐ
dökkt súrdeigsbrauð
með heilkorni og rúgi



HOLTABRAUÐ
gróft fimm korna brauð
með súrdeigi



Brakandi góð og vel bökuð súrdeigsbrauð að hætti Jóa Fel

*Steinbökuð brauð með heilkorni.
Enginn viðbættur sykur!*

Bakaríð við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

